



523. fundur Þingvallanefndar

14. janúar 2026 kl 12:00

Færeyska herbergið

Alþingishúsi

Mætt: Sigurður Helgi Pálmason formaður, Ása Berglind Hjálmarsdóttir, Eydís Ásbjörnsdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Vilhjálmur Árnason og Karl Gauti Hjaltason,

Formaður setur fund:

Dagskrá:

1. Umsókn Kaleó um tónleikahald sumarið 2026
Þjóðgarðsvörður fer yfir stöðu málsins. Viljayfirlýsingin er í gildi til loka janúar. Þegar fyrir liggur ítarleg áætlun og greinargerð í samræmi við viljayfirlýsingu og umsagnir allra umsagnaraðila, mun nefndin taka afstöðu til fyrirbyggjandi umsóknar um tónleikahald. Þingvallanefnd hafnar erindi umsækjanda um að fá að selja miða á viðburð sem ekki liggur fyrir skriflegur samningur um.
2. Rauðukusunes 5
Lögð var fram umsókn ásamt fylgiskjöllum, um byggingarleyfi fyrir nýtt sumarhús að Rauðukusunesi 5 í landi Kárastaða, innan Þjóðgarðsins:
Umsókn var yfirfarin rædd og borin undir atkvæði. Umsókninni var hafnað samhljóða.
Fundi slitið.